

Börkur Sigurbjörnsson

Þyngdarafi

örsaga



Urban Volcano

Þyngdarafi

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024


<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



ÞYNGDARAFL

Brendan fann þyngdaraflið toga í huga hans sem líkama þar sem hann ferðaðist niður rúllustigann inn í hvelfinguna milli brautarpalla neðanjarðarlestarinnar. Hann starði inn í illa upplýst steinsteypuklætt tómið og fannst hann stara inn í spegilmynd eigin sálar. Höfuðið var tómt og líkami hans var næstum þurrausinn allri orku.

Er hann náði neðri enda stigans kjagaði Brendan eftir næstum yfirgefnum brautarfallinum, í áttina að fjærendanum þar sem hann settist niður á auðan bekk. Hann vildi halda eins

mikilli fjarlægð og hægt var milli sín og þeirra fáu farþega sem voru enn á ferðinni þetta seint um kvöld.

Brendan vildi vera útaf fyrir sig. Einn með hugsunum sínum. Strjálu myndunum sem hrukku inn og út af svörum skjánunum í huga hans. Hann reyndi, án árangurs, að negla þær niður, púlsa þeim saman í eina heild—klippimynd af vonlausu ástandi.

Það var ekki eins og Brendan hefði ekki reynt. Hann hafði tvímælalaust reynt. Hann hafði talað af sannfæringu. Hann hafði rökrætt. Hann hafði grátbeðið. Allt hans erfiði hafði hins vegar farið fyrir lítið. Svörin voru nei, nei og nei. Það voru ekki meiri peningar til. Þolinmæðin var á þrotum. Láns-traustið var uppurið. Hann hafði misst alla von um að geta losað sig úr þeim hnút sem hann var kominn í.

Brendan heyrði lestina nálgast. Daufur bjarmi lýsti upp dimmt gangnaopið. Hann stóð upp og gekk yfir að brún brautar-pallsins, svo langt að þreyttur líkaminn átti í vandræðum með að halda jafnvægi. Ljósið við gangnamunnann varð skærara. Hávaði rumdi í gegnum loftið. Mildur andvari gældi við hárlökkana og framljós lestarinnar geystu í áttina til hans. Hann fann þrýstinginn. Hann lokaði augunum.

Þegar Brendan opnaði augun aftur hafði lestin numið staðar og beið við brautapallinn með dyrnar opnar. Hann steig inn og lét líkamann hlammast niður í autt sæti. Það var ekki mikið sem hann gat gert úr því sem komið var. Það var ekkert annað í stöðunni en að halda heim og reyna að sofa stundarkorn áður en hann þyrfti að standa frami fyrir starfsfólkinu í morgunsár-

ið og segja þeim sannleikann—bera þeim erfiðar fréttir. Segja þeim að fyrirtækið væri gjaldþrota.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano